

STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2000

28. nóvember 2000

2409

Nr. 854

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

1. ml. 11. gr. orðist svo:

Porskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 eru þessir: þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,50, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,25, langlúra 0,70, þykkvalúra 1,20, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,50, loðna 0,03, síld 0,06, norsk-íslensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,85, rækja 0,90, hörpudiskur 0,30, gulllax 0,30 og kolmunn 0,04.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2000.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

24. nóvember 2000

Nr. 855

AUGLÝSING

um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

1. Suður-Mjódd, Mjódd.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Bætt er við undirgöngum undir Breiðholtsbraut, vestan við gatnamót Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Skógarsels.
2. Bætt er við undirgöngum undir Stekkjarbakka (Höfðabakka), austan við gatnamót Stekkjarbakka og Stekkjarbakka (Höfðabakka).

3. Stofnstígur sem gert var ráð fyrir sunnan við Breiðholtsbraut, frá Suðurfelli niður að Skógarseli, færast norðan við Breiðholtsbraut frá Suðurfelli og lengist að Reykjanesbraut.
4. Tengibraut er sett frá mislægum gatnamótum Stekkjarbakka (Höfðabakka) og Reykjanesbrautar að tengibrautinni Smiðjuvegi í Kópavogi.
5. Landnotkun í Suður-Mjódd breytist annars vegar að hluta til úr blöndu af verslunar-, þjónustu- og stofnanasvæðum í útivistarsvæði til sérstakra nota og almennt útivistarsvæði.
6. Útivistarsvæði til sérstakra nota og almennu útivistarsvæði er breytt í athafnasvæði.
7. Tengibraut neðan Þverársels frá Skógarási að Fífuhvammsvegi í Kópavogi fellur niður og ný tengibraut er sett í framhaldi af Stekkjarbakka/Höfðabakka, um undirgöng undir Breiðholtsbraut, samsíða Reykjanesbraut og tengist Fífuhvammsvegi.
8. Tengistíg er hliðrað til að hann verði samsíða tengibrautinni.

Á breytingarsvæðinu hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum Reykjanesbrautar við Mjódd, tvennra mislægra gatnamóta sem skipulagsstjóri ríkisins úrskurðaði um þann 4. ágúst 2000. Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins hefur verið kærður til umhverfisráðherra.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

2. *Knattspyrnuhús við Fossleyni, Reykjavík.*

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, sem markast af Víkurvegi til vesturs, Fossleyni til suðurs, gamla Korpúlfsstaðavegi til austurs og opnu svæði til sérstakra nota til norðurs, er breytt í athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

3. *Víkingssvæðið í Fossvogsdal.*

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að 0,5 hektara svæði, neðan við Grundarland í Fossvogi, breytist úr almennu útivistarsvæði í útivistarsvæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. nóvember 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.